

Mál nr. 211/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á tönn júlí 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinar, dags. 25.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa fallið “af baki þannig að kjálkinn kýldist niður í bringu” og við það brotnaði hluti af tönn 47 (jaxli) sbr. fyrirliggjandi gögn. Vátryggingafélagið vísar til þess að vegna þessa hafi rótin á jaxlinum brotnað þannig að tönnin var talin ónýt.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til ákvæðis skilmála um það að “félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys”.

Félagið vísar til þess að sú tönn sem um ræðir hafi verið byrjuð í rótþyllingarmeðferð þann 30.06. 2010 en slysið sem um ræðir varð 05.07. 2010. Þar sem “rótþyllingarmeðferð var hafin á tönninni teldist hún ekki heilbrigð og vel viðgerð í skilningi” skilmála.

Félagið vísar til þess að M byggi á því að tannlækir hennar segi að tönnin hafi verið í góðu ástandi og með góða fyllingu og að slysið sé orsök sprungu í tönninni en ekki lélegt ástand hennar. Félagið er ósammála afstöðu M. Tönn sem er í rótþyllingarmeðferð er veikluð.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmakaða umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann vísar einungis til þess að tannlæknir hans telji að tönnin hafi verið í góðu ástandi og með góða fyllingu. Orsök fyrir sprungu í tönn sé umrætt slys.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Engin gögn staðfesta afstöðu M, gegn neitun vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.